

Akureyrarbær
Jónas Vigfússon
Geislagötu 9
600 Akureyri

2005010081
6000; 9310

Reykjavík, 27. maí 2005
/--

Efni: Lagning Síðubrautar, frá Hörgárbraut að Nesjahverfi, Akureyrarbæ. Ákvörðun um matskyldu.

Vísað er til erindis Akureyrarbæjar dags. 31. mars 2005 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt lagning Síðubrautar, frá Hörgárbraut að Nesjahverfi, Akureyrarbæ samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og lið 10 b í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Akureyrarbæjar, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Akureyrarbæ með bréfi dags. 22. apríl 2005, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 11. maí 2005, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra með bréfi dags. 2. maí 2005 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 10. maí 2005. Frekari upplýsingar bárust frá tækni- og umhverfisviði Akureyrarbæjar með bréfum dags. 4., 9., og 13. maí 2005.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að fyrirhuguð sé lagning 190 m kafla Síðubrautar frá Hörgárbraut að Nesjahverfi. Efnisþörf sé um 8.200 m³, en ekki sé vitað hvaðan efni verði tekið. Helstu námur í nágrenni framkvæmdasvæðisins séu í Eyjafjarðará, við bæinn Þverá í Eyjafjarðarsveit og að Björgum í Hörgárbyggð. Fram kemur að Síðubraut muni liggja að mörkum fólkvangs í Krossanesborgum og verði ítrustu varkárni gætt við framkvæmdina þannig að framkvæmdin hafi sem minnst umhverfisáhrif. Í framlögðum gögnum er vísað í bréf Akureyrarbæjar til Skipulagsstofnunar dags. 2. mars 2005 þar sem fram kemur að bæjarstjórn Akureyrarbæjar telji ekki ástæðu til að lagning fyrirhugaðar Síðubrautar frá Hörgárbraut að Nesjahverfi verði háð mati á umhverfisáhrifum, en framhald af henni, sem ekki sé fyrirhugað að framkvæma nú, skuli sæta mati á umhverfisáhrifum þar sem brautin verði nálægt viðkvæmu votlendi sem hafi verið friðlýst og sé lögð sérstök áhersla á að við þær framkvæmdir verði gerðar ráðstafanir til að

raska ekki grunnvatnsborði í Krossanesborgum, fyrst og fremst í kringum Hundatjörn. Fram kemur í framlögðum gögnum að tilgangur með byggingu 190 m kafla Síðubrautar frá Hörgárbraut til norðurs sé að bæta aðgengi að athafna- og iðnaðarsvæði í svokölluðu Nesjahverfi á Akureyri. Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að fornleifaskráning hafi ekki farið fram á svæðinu og ekki sé vitað hvort að framkvæmdin muni hafa áhrif á fornminjar. Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að tengibrautin sé í samræmi við gildandi aðal- og deiliskipulag.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGD FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Í umsögnun Akureyrarbæjar, Fornleifaverndar ríkisins og Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra kemur fram að ekki sé talið að framkvæmdin hafi umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér og skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að þar sem fyrirhugaður tengivegur við Síðubraut sé stuttur, hann nálægt umferðarþungri stofnbraut og tilgangur hans að útbúa tengingu í Nesjahverfi ætti sá hluti vegarins sem um ræði ekki að hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Áhrif á verndarsvæði og hljóðvist. Umhverfisstofnun bendir á að fyrirhuguð Síðubraut liggi meðfram mörkum fólkvangsins Krossanesborgir. Svæðið sé alsett klettaborgum eða stuttum klapparásum og séu langflestar borganna nokkurn veginn eins og ísaldarjökullinn skildi við þær fyrir um 10 þúsund árum. Fram kemur að mikill gróður sé í tjörnum sem finnist á milli klettaborganna, sérstaklega í Djáknatjörn, en þar vaxi margar nykrutegundir og m.a. hin sjaldgæfa langnykra. Gróðurfar í borgunum sjálfum sé fjölbreytt og hafi þar fundist um 190 plöntutegundir, þar af 16 starategundir. Meginhluti mýranna í borgunum hafi sloppið við framræslu og séu þær einu mýrarnar í bæjarlandinu sem séu óskemmdar. Fram kemur að fólkvangur sé stofnaður að frumkvæði sveitarstjórnar og sé megingilgangur með friðlýsingu fólkvangs sá að taka tiltekið landsvæði til útivistar og almenningsnota. Stofnunin bendir einnig á að markmið friðlýsingar Krossanesborga sé m.a. að vernda mikilvægan varpstað fjölda fuglategunda. Umhverfisstofnun bendir á að líta beri á fólkvanginn Krossanesborgir sem útivistarsvæði í þéttbýli og gildi því um hann ákvæði hávaðareglugerðar, nr. 933/1999, með síðari breytingum. Í viðauka reglugerðarinnar komi fram að á útivistarsvæðum beri að halda hljóðstigi innan 55 dB(A) og að leiðbeiningargildið sé 45 dB(A). Samkvæmt reglugerðinni beri að stefna að því að halda hljóðstigi innan leiðbeiningargildis við nýskipulag. Umhverfisstofnun bendir á að í innsendum gögnum sé engin umfjöllun um hljóðstig innan fólkvangsins og telji stofnunin það gagnrýniverð.

Umhverfisstofnun gagnrýnir að einungis skuli vera tilkynnt til Skipulagsstofnunar lítill hluti fyrirhugaðrar Síðubrautar, en Akureyrarbær telji að áframhald Síðubrautar skuli fara í mat á umhverfisáhrifum. Með lagningu þessa hluta vegarins hafi framhald hans verið markað og möguleikar á útfærslum skertir, m.a. með tilliti til hljóðstigs innan fólkvangsins. Umhverfisstofnun hvetji framkvæmdaraðila til að leggja fram gögn um heildarframkvæmdina áður en ákvörðun verði tekin um veginn, þ.m.t. einstaka hluta hans og kynna þurfi leiðir til þess að halda hljóðstigi innan marka í fólkvanginum. Umhverfisstofnun bendir á að gæta verði

Þess að framkvæmdirnar hafi ekki óæskileg áhrif á varp fuglategunda eða önnur gildi sem friðlýsing Krossanesborga miði við.

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra bendir á að hávaði skuli vera undir þeim viðmiðunarmörkum sem fram koma í viðauka með reglugerð nr. 933/1999 um hávaða með síðari breytingum og leitast skuli við að uppfylla leiðbeiningarmörk í sama viðauka.

Í svörum framkvæmaraðila eru ekki gerðar athugasemdir við umsögn Umhverfisstofnunar og fram kemur að farið verði eftir ábendingum Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra í samræmi við reglur þar um.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða lagningu 190 m kafla Síðubrautar frá Hörgárbraut að Nesjahverfi í Akureyrarbæ. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10 b í 2. viðauka í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Fyrir liggur að tilgangur fyrirhugaðrar framkvæmdar er að bæta aðgengi frá Hörgárbraut að athafna- og iðnaðarlóðum í Nesjahverfi á Akureyri en þessi kafla Síðubrautar er einungis lítill hluti Síðubrautar sem fyrirhugað er að liggi áfram til norðurs að Krossanesbraut meðfram mörkum fólkvangsins Krossanesborga. Skipulagsstofnun telur að eðlilegt hefði verið að tilkynna allan hluta fyrirhugaðrar Síðubrautar frá Hörgárbraut norður að Krossanesbraut eins og fram kom í minnisblaði Skipulagsstofnunar til Akureyrarbæjar dags 30. janúar 2005. Í ljósi þess að fyrirhuguð framkvæmd er stutt veltenging að athafna- og iðnaðarsvæði í Nesjahverfi og er áfangi sem getur staðið einn og sér, verði ekki af áformum um aðra áfanga Síðubrautar, telur Skipulagsstofnun að ekki hafi verið unnt að krefjast þess að aðrir áfangar Síðubrautar væru tilkynntir samhliða þeim áfanga vegarins sem nú er til skoðunar. Fyrirhugaður 190 m kafla Síðubrautar mun liggja nálægt Hörgárbraut sem er umferðarþung stofnbraut og telur Skipulagsstofnun því að áhrif lagningar fyrirhugaðs kafla Síðubrautar á hljóðvist verði óveruleg. Skipulagsstofnun telur að við frekari málsmeðferð vegna Síðubrautar að Krossanesbraut skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum þurfi að liggja fyrir greinagróðar upplýsingar um umferðarmagn og áhrif á hljóðstig, loftgæði og lífríki svo að hægt verði að átta sig á umhverfisáhrifum þess hluta Síðubrautar á fólkvanginn Krossanesborgir.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Akureyrarbæjar við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð Akureyrarbæjar vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að lagning Síðubrautar, frá Hörgárbraut að Nesjahverfi, Akureyrarbæ sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Akureyrarbæjar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til

umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 27. júní 2005.

Hólmfríður Sigurðardóttir

Auður Ýr Sveinsdóttir

Afrit.

Umhverfisráðuneytið, Akureyrarbær, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra og Umhverfisstofnun.